

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 87 24. desember 1971 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. maí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 245 31. desember 1963,
um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

104. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 103. gr. segir, getur innheimtumaður krafizt greiðslu skatta af kaupum hjá kaupgreiðanda í öðru innheimtumdæmi, svo og skýrslna, sbr. 7. og 8. tl. 103. gr., um starfsmenn, sem skatta ber að greiða í innheimtumdæminu. Skal það gert með bréfi til viðkomandi kaupgreiðanda. Í Reykjavík og Reykjanesumdæmi nægir þó almenn auglýsing innheimtumans gagnvart öllum kaupgreiðendum í Reykjavík og Reykjanesumdæmi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. maí 1973.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Ólafur Stefánsson.

REGLUGERÐ

um hvalveiðar.

I.

1. gr.

Rétt til þess að stunda hvalveiðar í íslenskri fiskveiðlandhelgi og til að landa hvalafla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar og ef báðar þessar stofnanir telja að gengið sé of nærri hvalstofninum með nýjum veiðileyfum skal umsókn synjað.

2. gr.

Bannað er að veiða:

- a) Hvalkálfa, hvali á spena og kvenhvali, sem kálfar eða hvalir á spena fylgja.
- b) Grænlands-sléttbak, Íslands-sléttbak, hnúfubak og steypireyð.